

Óheimilt er að hefja sölu eða leigu á vöru þar til nauðsynlegar mælingar og prófanir hafa farið fram. Birgðasali ber allan kostnað við framangreindar mælingar og prófanir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um hvaða aðferðir og staðla skal nota við mælingar og prófanir skv. 1. mgr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Yfireftirlit samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Löggildingarstofu.

Við framkvæmd eftirlits með lögum þessum skal farið að lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, eftir því sem við á.

Birgðasalar og seljendur skulu miðla til eftirlitsaðila þeim upplýsingum skv. 5. gr. sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar lögum þessum.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra brota fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 17. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87 12. júní 1996.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 2. mgr. orðast svo:

Staðfesting samvistar getur aðeins farið fram ef:

- a. báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem hefur fasta búsetu hér á landi, eða
- b. báðir einstaklingarnir hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu samvistar þeirra.

2. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist, sem eru hliðstæð lögum þessum, verði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón gilda ekki um staðfesta samvist. Þó getur einstaklingur í staðfestri samvist ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir, nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Lög um tæknifrjövngun gilda heldur ekki um staðfesta samvist.

Lagaákvæði sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gilda ekki um staðfesta samvist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 17. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

ÚTVARPSLÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a. Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar útsendingu dagskrárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almennungi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum, hvort heldur er í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust, hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.
- b. Útvarpsstöð er sá aðili, einstaklingur eða lögaðili, sem leyfi hefur til útvarps, annast og ber ábyrgð á samsetningu útvarpsdagskrár í skilningi a- og c-liða, sendir hana út eða lætur annan aðila annast útsendingu hennar.
- c. Útvarpsdagskrá er heildarsamsetning dagskrárliða í útvarpi.
- d. Auglýsing er hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi eða í eigin þágu útvarpsstöðvar og felur í sér kynningu á vöru eða þjónustu.
- e. Dulin auglýsing er sýning eða önnur kynning í máli eða myndum á vöru, þjónustu, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í útvarpsdagskrám utan afmarkaðra auglýsingatíma sé slík sýning til þess ætluð af hálfu útvarpsstöðvar að þjóna auglýsingamarkmiðum og villa um fyrir notendum.
- f. Kostun er hvers konar fémætt framlag lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða útsendingar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.
- g. Fjarsala er beint tilboð sem sjónvarpað er til almennings með það í huga að bjóða fram vöru og þjónustu gegn greiðslu. Fjarsala tekur hér einnig til fasteigna og þeirra réttinda og skyldna sem um slík kaup gilda.